

## Erindisbréf

### Starfshópur um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar

#### Hlutverk:

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 skulu sveitarfélög marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Verkefni starfshópsins er að gera framkvæmdaáætlun fyrir kjörtímabilið 2018-2022. Í áætluninni skal m.a. koma fram að sett séu markmið í barnaverndarstarfi, skilgreining á þörfum fyrir úrræði og áætlun um kostnað þeirra, forgangs röðun verkefna, mat á starfsmannþörf og hvernig eftirliti barnaverndarnefnda með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna skuli háttað. Lögð skal áhersla á samfellu í starfi sveitarfélagsins í þjónustu við börn og fjölskyldur og samvinnu Fjölskyldu- og Fræðslu- og frístundaþjónustu.

Starfshópurinn starfar í umboði Fjölskylduráðs.

#### Skipulag:

Starfshópurinn skal ljúka við áætlunina eigi síðar en XXXXX. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Halda skal fundargerðir um þau atriði sem skipta kunna máli.

#### Fulltrúar í starfshópnum:

Fjölskylduráð hefur skipað eftirtalda aðila í verkefnastjórnina:

XXXXXX fulltrúi meirihluta

XXXXXX fulltrúi meirihluta

XXXXXX fulltrúi minnihluta

Starfsmenn hópsins eru Ólína Birgisdóttir, deildarstjóri barnaverndar, Haukur Haraldsson, sálfræðingur Fjölskylduþjónustu og Eiríkur Þorvarðarson, xxxx

Starfshópurinn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi.

#### Samþykkt erindisbréfs:

Erindisbréf þetta var samþykkt í Fjölskylduráði 14. september 2018.